

Alþingi
Erindi nr. Þ 142/197
komudagur 27.9.2013

27.9.2013

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs Árborgar 26. september sl. um beiðni nefndarsviðs Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi:

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, lagði fram eftirfarandi bókun vegna þingsályktunartillögu um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi.
„Undirritaður telur framkomnar tillögur áhugaverðar og góðan grundvöll til samninga milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga um breytt húsnæðiskerfi á Íslandi. Mikilvægt er að leita allra leiða til að auka framboð á tryggu leiguhúsnæði til langs tíma, af mismunandi stærð og á viðráðlegu verði. Jákvætt er að í þingsályktuninni kemur fram að nauðsynlegt sé að endurskoða núverandi byggingareghuð, það er skoðun undirritaðs að ef þingsályktunin verður að lögum opnast svigrúm fyrir sveitarfélögin til að styðja við húsaleigumarkaðinn með virkari hætti en nú er. Mikilvægt er að gott samráð verði við sveitarfélög um öll úrræði á húsnæðismarkaði. Undirritaður leggur til að bæjaryfirvöld í Svf. Árborg láti fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélaginu og áhuga hugsanlegra samstarfsaðila á fyrirkomulagi og uppbyggingu þess til framtíðar.“
Eggert Valur Guðmundsson, fulltrúi S-lista.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir

ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901